

RANNSÓKNARSKÝRSLUR FORNLEIFADEILDAR 1994



II

VETTVANGSKÖNNUN

vegna deiliskipulags á Hólum í Hjaltadal

Könnun 28. - 29. maí 1994.


Ragnheiður Traustadóttir

FORNLEIFADEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS

1994 REYKJAVÍK

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.



Könnunarsvæðið er innan hringsins.

VETTVANGSKÖNNUN VEGNA DEILISKIPULAGS Á HÓLUM Í HJALTADAL

28. til 29. maí 1994

INNGANGUR

Guðmundur Ólafsson, fornleifafræðingur hjá Þjóðminjasafni Íslands, fól mér að gera vettvangskönnun á fyrirhuguðu byggingasvæði á Hólum í Hjaltadal til að ganga úr skugga um hvort þar kynnu að vera fornminjar í jörðu.

A 43. fundi fornleifanefndar hafði verið lagt fram bréf Björns Kristleifssonar, arkitekts, frá 21. mars 1994 ásamt tillögu að deiliskipulagi "til athugunar". Guðmundi Ólafssyni var falið að svara erindinu og óska eftir því við oddvita Hólahrepps að fornleifaskráning færi fram á svæðinu.

Vegna aðkallandi byggingaframkvæmda á Hólum fór Jón Bjarnason, skólastjóri, þess á leit við Guðmund Ólafsson hinn 27. maí 1994 að Þjóðminjasafnið sendi þegar í stað fulltrúa sinn til að ljúka vettvangskönnun á viðkomandi svæðum. Var orðið við þeirri beiðni.

Í tengslum við samþykkt aðalskipulags árið 1990 (fylgiskjal 1) hafði verið gerð úttekt með tilliti til fornleifa og það svæði sérstaklega merkt sem vænta má minja á. Innan þess svæðis verður ekki byggt. Í þeirri úttekt er ekki sérstaklega gert ráð fyrir fornminjum á því svæði sem vettvangskönnun þessi tók til.

VETTVANGSKÖNNUN

Vettvangskönnunin fór fram dagana 28. og 29. maí árið 1994. Yfirborð var kannað með tilliti til tveggja loftmynda; önnur er frá árinu 1991 en að sögn Jóns Bjarnasonar mun sú eldri vera tekin um 1970. Þá var farið yfir uppdrátt frá árinu 1913 (afrit gert 1957) sem byggist á mælingum nemenda í eldri deild Hólaskóla í október 1912 (fylgiskjal 2) og birtur er í bókinni Hólastaður (Gunnlaugur Björnsson, 1957). Niðurstöður þessara athugana voru bornar saman við deiliskipulagið (fylgiskjal 3). Ekki varð af þeim samanburði séð að þær byggingar, sem nú er rætt um að ráðast í, kennarabústaðir, leikskóli og nemendagarðar, raski svæði sem feli í sér fornminjar.

Könnunin fór að öðru leyti fram með þeim hætti að fyrirhuguð byggingasvæði voru gengin og snið könnuð sem fyrir voru. - Þá voru teknar ljósmyndir af viðkomandi svæðum, bæði svart-hvítar og skyggunmyndir í lit, sem fylgja aðalskýrslu og eru til geymslu í Þjóðminjasafninu.

Gerð verður grein fyrir hverri lóð fyrir sig, en ekki sáust merki þess að þær geymi fornar minjar að skilgreiningu þjóðminjalaga nr. 88/1989, þ.e. að vera eldri en 100 ára og þar með í raun friðaðar.

I. Kennarabústaður, lóðir 1 og 2

Lóðir 1 og 2 (fylgiskjal 3) eru hlið við hlið og snúa í norður og suður á svæði milli torfbæjarins í vestri og hóls sem heitir Prestssæti í austri.

Af yfirborðinu er ekki að ráða að hér séu fornar rústir en austur af lóð 2 er kálgarður merktur inn á uppdrátt samkvæmt mælingum árið 1912 (fylgiskjal 2) og er hann enn sjáanlegur. Útihús og skemma, sem til eru á sama uppdrætti og þar sögð vera frá miðri síðustu öld til öndverðrar þessarar, lágu vestan við lóðirnar og eru horfin undir kennarabústaði.

Landslag neðan Prestssætis og á lóðunum tveimur er þýft.

2. Leikskóli, lóð 3

Lóð 3 (fylgiskjal 3) er á svæði sem nefnist Lautin (Hestalautin). Af eldri loftmyndinni að dæma hefur hér verið hagi en hún var tekin áður en framkvæmdir hófust á svæðinu.

Ekki er að sjá nein merki rústa eða annarra minja, hvorki á landslagi né ljósmyndum og teikningum. Skammt suðaustur af leikskólanum sést greinilegt jarðvegssnið eftir byggingarframkvæmdir. Í því voru engin merki mannvistarleifa. Landið hefur verið sléttað.

3. Gistivist, lóðir 4, 5 og 6

Í tillögu að deiliskipulagi (fylgiskjal 3) er áætlað að reisa þrjú hús á svæði sem heitir Brúsabyggð en samkvæmt bráðabirgðaleyfi til 1. júní 1994 hafa tvö þeirra þegar verið sett niður á stólpum á lóðum 5 og 6 en þau á að vera unnt að færa ef nauðsyn krefur. Ætlunin er að reisa húsið á lóð 4 í sumari. Öll þessi hús eru í Lautinni.

Ekki voru sjáanlegar rústir á þessu svæði, enda er búið að slétta það og umbreyta töluvert. Hins vegar sjást engin merki rústa eða fornra minja á loftmyndum eða teikningum.

4. Nemendagarðar, lóðir 7 og 8

Lóðir 7 og 8 eru á vesturmörkum Lautarinnar skammt norðvestur af hól sem nefnist Brúsi. Ætlunin er að reisa nemendagarð á lóð 7 í sumari.

Á lóð 7 var grjóthrúga sem á trúlega rætur að rekja til rafstöðvar sem nú er horfin. Þá hafa verið lagðar lagnir í jörðina og grafinn skurður.

Engin merki eru sjáanleg um minjar á þessum lóðum.

NIÐURSTAÐA

Lóðir 1 og 2 liggja nálægt þekktu fornminjasvæði og auk þess hafa gömul útihús verið þar í grennd. Önnur verk manna þar nærri frá fyrri tíð eru kálgarðurinn.

Hinar lóðirnar liggja allar í eða á mörkum Lautarinnar og bera engin merki fornminja. Ekki er vitað til þess að neinar fornminjar hafi fundist við framkvæmdir á því svæði. Virðist þess vegna ekki hætta á að fornminjar spillist við húsbyggingar á þeim lóðum.

Með hliðsjón af vettvangsathugun, fyrirliggjandi heimildum og sögu Hóla í Hjaltadal og með tilliti til þjóðminjalaga mæli ég með því að:

- 1) Fornleifafræðingur geri nánari könnun á lóðum 1 og 2 áður en til byggingarframkvæmda kemur eða sé viðstaddur þegar jarðrask á sér stað.
- 2) Framkvæmdaraðilum sé gert að fara varlega í sakirnar við framkvæmdir á lóðum 3, 4, 5, 6, 7 og 8 og hætta þeim strax og kalla til fornleifafræðing rekist þeir á óvæntar mannvistarleifar.

ÞAKKIR

Þakka ber Jóni Bjarnasyni, skólastjóra á Hólum, alla aðstoð, Trausta Pálssyni, oddvita Hólahrepps, og starfsfólki skólans. Ánægjulegt er hve íbúar á Hólum sýna minjavörslu og sögu staðarins mikinn áhuga.

Öllum sem veitt hafa upplýsingar um minjar á svæðinu er einnig þökkun góð aðstoð.

MUNNLEGAR HEIMJLDIR

Jón Bjarnason, Hólum í Hjaltadal
Trausti Pálsson, Hólum í Hjaltadal

RITAÐAR HEIMILDIR

Gunnlaugur Björnsson, 1957. Hólastaður. Norðri [S.L.].

Reykjavík, 8. júní 1994

Ragnheiður Traustadóttir Fornleifadeild



SKJAL 1

HÓLAR Í L

ADALSKIPUL

SKIPULAG ÞETTA VAR SAMHYKKT AF LANDBÚNAÐARRÁÐUNEFNTINU
19.12.1990
Seinnig. Lögfræðingurinn

SKIPULAG ÞETTA STADFESTIST, SAMHYKKT LÖGUM, AF
FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA:

31/12 1990

Granna Björnsdóttir
1. D. 1. M. H. H.

SKIPULAGIÐ VAR SAMHYKKT AF HREPPSNEFND HÓLAHREPPS:

10.12.1990

Grassl. Pálsson

SKIPULAG ÞETTA VAR AFGREITT AF SKIPULAGSSTJÖRN RÍKISINS
TIL STADFESTINGAR RÁÐUNEFNTIS

12.12.


Granna Björnsdóttir

STADASVEIÐ

SKÓGAR

VEÐI / ÞRÓTTASVEIÐ

UNING Í SAMVINNU VIÐ:



- 2 *St. Peter's* 1921
- 3 *S. Peter's* 1921
- 4 *St. Peter's* 1860
- 5 *St. Peter's* 1860
- 6 *St. Peter's* 1860
- 7 *St. Peter's* 1911
- 8 *St. Peter's* 1902
- 9 *St. Peter's* 1911
- 10 *St. Peter's* 1902
- 11 *St. Peter's* 1909
- 12 *St. Peter's* 1909
- 13 *St. Peter's* 1860
- 14 *St. Peter's* 1762
- 15 *St. Peter's* 1819
- 16 *St. Peter's* 1819
- 17 *St. Peter's* 1819
- 18 *St. Peter's* 1819
- 19 *St. Peter's* 1819
- 20 *St. Peter's* 1819
- 21 *St. Peter's* 1819
- 22 *St. Peter's* 1819
- 23 *St. Peter's* 1819
- 24 *St. Peter's* 1819
- 25 *St. Peter's* 1819
- 26 *St. Peter's* 1819
- 27 *St. Peter's* 1819
- 28 *St. Peter's* 1819
- 29 *St. Peter's* 1819
- 30 *St. Peter's* 1819
- 31 *St. Peter's* 1819
- 32 *St. Peter's* 1819
- 33 *St. Peter's* 1819
- 34 *St. Peter's* 1819
- 35 *St. Peter's* 1819
- 36 *St. Peter's* 1819
- 37 *St. Peter's* 1819
- 38 *St. Peter's* 1819
- 39 *St. Peter's* 1819
- 40 *St. Peter's* 1819
- 41 *St. Peter's* 1819
- 42 *St. Peter's* 1819
- 43 *St. Peter's* 1819
- 44 *St. Peter's* 1819
- 45 *St. Peter's* 1819
- 46 *St. Peter's* 1819
- 47 *St. Peter's* 1819
- 48 *St. Peter's* 1819
- 49 *St. Peter's* 1819
- 50 *St. Peter's* 1819
- 51 *St. Peter's* 1819

PRÉSTSS/ET

X = 550950
Y = 582300

2

⊕ 174,55

KENNARA BÚSTA-DIRI


TORFE

VEJURATHUGUN


[illegible]

SKJAL 3


X = 551100
Y = 582350



SKJAL 3



SKJAL 3



Þessi skjal er hluti af málum á milli bygginga og er aðeins til vísunar. Þessi skjal er hluti af málum á milli bygginga og er aðeins til vísunar.

Byggingar

500 m²

Byggingar

500 m²

Byggingar

2 x 150

Byggingar

BJÖRN KRISTLEIFSSON

ARKITEKT FAI

HÓLAR Í HJALTADAL

700 - EGILSTADIR
TEKNISTOFA SELÁSI 7
97-11881

HEIMA
HJARDARHLÍÐ 7
97-11531

DEILISKIPULAG 1:500

KENNITALA 011246-3039

DAGS. MARS 1994

Ne